

Fundargerð 54. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 17. febrúar 2020, kl. 08:30 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945 í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Ásgeir Eiríksson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson og Berglind Kristinsdóttir

Forföll boðaði: Kristín Vala Matthíasdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir, Magnús Stefánsson, Árni Sigfusson, Sigrún Elefsen

Gestir: Guðni Gunnarsson endurskoðandi RGP

Starfsmenn: Daniel Einarsson & Þuríður Aradóttir Braun

1. Framhald umræðna um Ársreikning RGP

Áframhald á umræðum um ársreikning og þær sundurliðanir sem æskilegt er að liggi fyrir. Endurskoðandi félagsins setti fram sundurliðun á ársreikningi RGP fyrir árið 2019 m.t.t. til starfsáætlunar síðasta árs. Nauðsynlegt er að í næstu ársreikningum verði betur gert grein fyrir verkefnum og framkvæmdum með skýringum og meiri áhersla á sundurliðun.

2. Skýrsla vegna úttektar á RGP sumarið 2019 – UGGPC 2019 final report

Verkefnastjóri lagði fram skýrsluna til upplýsinga. Í skýrslunni er að finna staðfestingu á því að RGP fær áframhaldandi vottun til 2023, einnig er þar að finna þá umbótáþætti sem RGP þarf að vinna að á næstu árum. Umbótáætlun verði unnin út frá skýrslunni og stefnt að leggja fram fyrir næsta stjórnarfund.

Unnið verði að tillögum til að tilkynna niðurstöðuna fyrir heimamönnum og öðrum gestum.

3. Drög að starfsáætlun 2020 kynnt

Starfsáætlun tekur mið að skýrslu vegna úttektar RGP um endurnýjun aðildar að UNESCO, ásamt því að helstu verkefni sem unnin hafa verið síðustu ár verða unnin áfram.

Starfáætlun samþykkt samhljóða.


4. Samstarf RGP og Sumava Geopark í Tékklandi – Memorandum of cooperation

Samstarfssamningur lagður fyrir stjórn.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:40

Fundargerð ritaði: Daniel Einarsson



The image shows four handwritten signatures in blue ink:

- Roger Þurðarson
- Birgíður Kristinsdóttir
- Fannar Jónasson
- Arnbjörn Ólafsson